

**Ed.**

**657. Frumvarp til laga**

**[62. mál]**

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 67 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 8. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr. komi: forgangsréttur.

10. gr. hljóðar svo:

Á eftir XIII. kafla laganna komi nýr kafli, XIV. kafli er beri yfirskriftina: Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o. fl.

Í XIV. kafla eins og hann er þá orðinn komi ný grein, 77. gr., svohljóðandi, en aðrar greinar og kaflaskipti færast aftur sem þessu nemur:

Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara á fjögurra ára fresti könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.